


MAI 2012

1. TÖLÜBLƏD 21. AĞ



Félagsleg samheldni skilar samfélaginu meiru en einstaklingahyggja

Að þessu sinni er yfirskrift 1. maí hátíðarhaldanna í Reykjavík „Vinna er velferð“ og er það slagorð hverju orði sannara. Grunnforsenda þess að hægt sé að halda uppi góðu velferðarkerfi er hátt atvinnustig. Á síðasta aðalfundi BSRB hélt danski hagfræðiprófessorinn Torben M. Andersen erindi um skattbyrði og hagkvæmni velferðarkerfa Norðurlandanna. Það var virkilega gaman að heyra hann setja rannsóknir sínar á velferðarkerfinu í auðskilið samhengi.

Ein helsta niðurstaða rannsókna hans er að fólk á Norðurlöndum sættir sig við að greiða skatta á meðan það hefur trú á því að skattþeningum þeirra sé vel varið. Meirihluti Norðurlandabúa telur hag sínum best borgið með því að greiða nokkuð háa skatta til að geta haldið uppi öflugtu velferðarkerfi. Margir myndu ætla að öflugt félagslegt öryggisnet væri letjandi fyrir atvinnuþátttöku. En svoleiðis er það ekki á Norðurlöndunum. Þar er atvinnuþátttaka hvað mest í heiminum. Hátt atvinnustig skilar meiri skatttekjum og þess vegna er brýnt að sem flestir hafi atvinnu. Vinna er velferð og grunnstoð alls í okkar samfélagi.

Það er óumdeilt að öflugt velferðarkerfi skilar samfélaginu meiru en það tekur. Öflugt velferðarkerfi stuðlar að auknu jafnræði á meðal fólks og munar þar mestu um jafnan möguleika til menntunar. Menntun leiðir til betri launa og jafnari tækifæra sem um leið fela í sér meiri skatttekjur. Menntun er því grundvallarforsenda fyrir sjálfbærum hagvexti. Útgjöld til

heilbrigðismála er önnur grundvallarforsenda hagvaxtar því ef heilsa fólks er góð gerir það því kleift að vinna meira og skila betur til samfélagsins. Umönnun aldraðra og barna skiptir líka sköpum í þessu samhengi og veitir fleirum möguleika á að vinna og leggja þannig til samfélagsins.



Heilt yfir hagnast skattgreiðendur og samfélagið allt þess vegna á því að greiða skattana sína. Skattar hverfa nefnilega ekki bara ofan í einhvern pytt. Skattar fara í að greiða fyrir umönnun, heilbrigðisþjónustu og menntun sem á endanum skilar sér í hærri skattgreiðslum, framförum og hagvexti.

Þótt að velferðarkerfi Norðurlandanna séu ekki gallalaua sýnir reynslan að um leið og þau veita íbúum landanna þétt öryggisnet hvetja þau til atvinnuþátttöku og búa þannig um hnútana að sem flestir geti unnið. Velferðarkerfi Norðurlandanna eru þannig fær um að veita öryggi og umönnun samhliða hagvexti og batnandi lífskjörum. Að verja fjármunum í velferð er þess vegna góð fjárfesting. Félagsleg samheldni skilar samfélaginu á endanum mun meiru en einstaklingshyggja. En til þess að svo geti verið þurfa allir að hafa vinnu. Þess vegna er vinna mikilvægasta velferðarmálið.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB

Efnisyfirlit

- bls. 4 – Velferðarkerfið stuðlar að jöfnuði jafnt sem framförum
- bls. 8 – Mikil rýrnun á kaupmætti barnabóta
- bls. 10 – Stefnt að 36 stunda vinnuviku
- bls. 12 – Þróun fæðingarorlofs á Íslandi
- bls. 14 – Ekki er allt sem sýnist í lífeyrismálum
- bls. 16 – Kynjabókhalda BSRB
- bls. 18 – Kynbundinn launamunur eykst á ný
- bls. 20 – Breyttar þarfir á húsnæðismarkaði
- bls. 22 – BSRB í 70 ár

BSRB – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja – **Ábyrgðarmaður** Elín Björg Jónsdóttir – **Ritstjóri** Ágúst Bogason – **Umbrot** Svavar Pétur Eysteinnsson – **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja – **Ljósmyndir** – Ingvar Högni Ragnarsson, Stafsfólk BSRB, Istockphoto, ofl. **Ljósmynd á forsíðu** – Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Þjóðviljinn / Ari Kárason

Skrifstofa BSRB er á 2. hæð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík – Sími 525 8300 – Fax 525 8309 – Netfang postur@bsrb.is – veffang www.bsrb.is – ISSN númer 1670-4137

ÚTIFUNDUR Á INGÓLFSTORGI

BSRB hvetur alla félagsmenn til að mæta á baráttufund þann 1. maí og minnir á kaffisamsæti í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89, að loknum útifundinum á Ingólfstorgi



Dagskrá 1. maí hátíðarhaldanna í Reykjavík 2012

Safnast saman á Hlemmi kl. 13.00. Gangan hefst kl. 13.30
Örræður á leið göngunnar niður Laugaveg

Útifundur á Ingólfstorgi hefst kl. 14.10

FUNDARSTJÓRI
Þórarinn Eyfjörð

TÓNLIST
Kvennakór Léttisveitar Reykjavíkur
syngur 2 lög

RÆÐA
Þuríður Einarsdóttir, formaður
Póstmannafélags Íslands, heldur ræðu

TÓNLIST
Drengjakór Reykjavíkur

RÆÐA
Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður
Rafíðnaðarsambands Íslands, heldur ræðu

TÓNLIST
Karlakór Reykjavíkur
Kvennakór Léttisveitar Reykjavíkur og Karlakór
Reykjavíkur syngja 1 lag saman
Kórar og lúðrasveitir syngja og spila
„Internationalinn“

Fundi slitið um kl. 15.00

Velferðarkerfið stuðlar að jöfnuði jafnt sem framförum

Torben M. Andersen, prófessor við hagfræðideild Árósháskóla, var sérstakur gestur á síðasta aðalfundi BSRB. Þar fjallaði Torben um velferðarkerfi Norðurlandanna í ansi víðu samhengi og leiðrétti um leið margar rangfærslur sem heyrst hafa um velferðarkerfið í íslensku umræðu. Megin niðurstaða rannsókna hans á norrænu velferðarkerfunum er að öflugt öryggisnet er grunnforsenda hárra lífskjara Norðurlandapjóðanna.

Torben M. Andersen er prófessor við hagfræðideild Árósháskóla í Danmörku og einn fróðasti fræðimaðurinn þegar kemur að rannsóknum á velferðarkerfum Norðurlandanna. Hann hefur víða komið við á starfsferli sínum og m.a. var hann formaður ráðgjafarnefndar dönsku ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum frá 2001–2003, formaður velferðarnefndar danska þjóðþingsins frá 2003–2006 og formaður grænlenzku skatta- og velferðarnefndarinnar frá 2009–2011. Hann hefur auk þess átt sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum sem hafa fjallað um velferðar- og hagfræðileg málefni, m.a. í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Kanada. Í heimsókn sinni til Íslands hélt Torben erindi á aðal-fundi BSRB þar sem hann velti upp áhugaverðum spurningum um norræna velferðarkerfið sem hann hefur leitað svara við með rannsóknum sínum. Meðal þess kom fram í máli Torbens er að víðtæk sátt ríkir um að halda uppi öflugum velferðarkerfi á Norðurlöndum, þrátt fyrir umtalsverðan kostnað, enda hafa þau sannað gildi sitt þar sem lífskjör eru með besta móti í Skandinavíu.

Rík sátt um velferðarkerfið

„Allir stóru flokkarnir á Norðurlöndum, sama hvort þeir eru sagðir vera til vinstri eða hægri, ganga út frá því sem vísu að það að halda úti velferðarkerfi sé eitt af megin hlutverkum stjórnvalda. Það er ekki deilt um velferðarkerfið í stóra samhenginu heldur aðeins minni útfærslur á afmörkuðum hlutum þess,“ segir Torben. Hann bendir á að vissulega sé skattbyrði á Norðurlöndunum há svo hægt sé að standa undir kostnaði við velferðarkerfið, en langflestir sætti sig vel við það fyrirkomulag, enda fá þeir mikið í staðinn.

„Á Norðurlöndum sættir fólk sig við að borga háa skatta því það treystir á velferðarkerfið og að skattþeningum sé skynsamlega varið til þarfra mála. Þessu er algerlega öfugt farið í t.d. Bandaríkjunum þar sem fólk sér skattayfirvöld sem svarthol sem gleypir fjármuni og ekkert kemur út í staðinn,“ segir Torben sem líkir velferðarkerfinu við það að kaupa sér tryggingu.

„Markmiðið með því að tryggja sig á ekki að vera að græða. Trygging er ákveðinn öryggisventill. Fólk forðast það að verða fyrir tjóni en sér hag í því að tryggja sig ef eitthvað skyldi bjáta á. Þannig meta flestir íbúar Norðurlandanna það sem svo að það sé þeirra hagr að borga háa skatta til að fjármagna velferðarkerfið. Ef þú ert heppinn þá leggur þú meira inn en þú tekur út. En ef þú hins vegar lendir í áfalli – verður veikur, lendir í slysi, missir vinnuna eða lendir í einhverskonar erfiðleikum – þá er velferðarkerfið til staðar til að aðstoða. Sá hugsunarháttur er ríkjandi á Norðurlöndunum að það sé hagr heildarinnar að halda úti velferðarkerfi og þess vegna sættir fólk sig við borga háa skatta,“ segir Torben en rannsóknir hans hafa aðallega beinst að heimalandi hans Danmörku, auk Noregs og Svíþjóðar. Í þeim löndum ríkir nokkuð víðtæk sátt um núverandi fyrirkomulag og eins og áður segir hefur enginn stóru flokkanna þar það á stefnuskrá sinni að breyta fyrirkomulaginu. Munurinn á milli stjórnmálaflokka hvað velferðarkerfið varðar er aðeins munur á útfærslum en ekki breyting á fyrirkomulaginu sem slíku.

Hagr heildarinnar

„Velferðarkerfi virka þannig að meðal maðurinn hefur mikinn hag af því fyrstu 25 ár ævinnar eða þar um bil. Á þessum árum fara flestir í leikskóla, síðan grunnskóla, menntaskóla eða iðnskóla og svo jafnvel í háskóla eða einhverja aðra framhaldsmenntun. Þessir hlutir eru kostnaðarsamir og samfélagið hefur tekið þá ákvörðun að fjármagna þá sameiginlega enda er ávinningurinn af menntun mikill, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið í heild,“ segir Torben. Fólk nýtur þannig góðs af velferðarkerfinu fyrsta æviskeiðið en að því loknu fer fólk á vinnumarkaðinn og hefst þá tímabil ævinnar þar sem fólk leggur til samfélagsins í gegnum skattgreiðslur.

„Á síðari árum ævinnar aukast svo líkurnar á því að fólk þurfi á heilbrigðisþjónustu og umönnun að halda og þá nýtur fólk aftur góðs af velferðarkerfinu. Í stuttu máli má skipta þessu niður í þrjú tímabil og njóta flestir góðs af velferðarkerfinu í æsku og ellinni. Þess á milli er fólk að leggja til samneyslnnar,“ segir Torben og bætir við: „En vitanlega er svo eitt aðalatriðið við velferðarkerfið að fólk fær



aðstoð, ef þess gerist þörf, hvenær sem er á lífsleiðinni. Öryggið sem í því felst er meðal þess sem fólk sér svona jákvætt við þetta fyrirkomulag og um leið sættir það sig við háar skattgreiðslur því það veit að það fær svo margt í staðinn. Eins og ég sagði áður þá er velferðarkerfið í raun bara trygging. Þú greiðir fyrir hana með sköttum og ef þú ert heppinn þá borgarðu meira en þú tekur út. En ef þú ert óheppinn tekurðu meira úr en þú leggur til.“

Hátt atvinnustig grunnforsenda

Það kemur þó meira til en há skattbyrði þegar kemur að því að reka velferðarkerfi líkt og það sem Norðurlöndin hafa þróað með sér á síðustu áratugum. Þar kemur hátt atvinnustig til sögunnar, eitthvað sem Torben segir gjarnan gleymast í umræðunni um velferðarkerfin. „Atvinnustigið á Norðurlöndum er mjög hátt samanborið við önnur ríki, sem er algjör lykilforsenda fyrir því að kerfið virki. Þarna munar sérstaklega um hátt atvinnustig kvenna og sömuleiðis hátt atvinnustig hjá þeim minni menntun hafa. Á Norðurlöndunum er atvinnuleysi með því lægsta í heiminum og þannig verður það að vera ef kerfið á að geta staðið undir sér. Ef atvinnustigið lækkar skapar það um leið mikinn þrýsting á kerfið. Með auknu atvinnuleysi minnkar innkoma í gegnum skattgreiðslur og útgjöld aukast í

formi bóta. Þannig að um leið og einstaklingur hverfur af vinnumarkaði hefur það á vissan hátt tvöföld áhrif á kerfið – hann hættir að leggja inn og fer að taka út. Hátt atvinnustig skilar meiri skatttekjum og þess vegna er brýnt að sem flestir hafi atvinnu,“ segir Torben og bætir við að því sé mikilvægt að hvatinn til þess að stunda atvinnu sé til staðar þótt svo að skattbyrðin sé há í samanburði við sum ríki.

„Það er ögrandi verkefni fyrir ríkisstjórnir Norðurlandanna að hafa atvinnustigið hátt til að jafnvægi sé á kerfinu. Og í raun hefur tekist ótrúlega vel að halda háu atvinnustigi í þessum löndum og hvetja fólk til að vinna,“ segir Torben og bendir á að þetta sé einmitt eitt af helstu verkefnum stjórnvalda á Norðurlöndum.

Jafnvægi á milli réttinda og skyldna

Á meðan lönd eins og Bandaríkin hreykja sér af lágrí skattaprósentu sem ætti að virka hvetjandi til atvinnuþátttöku er atvinnustigið á Norðurlöndunum samt mun hærra. Raunar er atvinnuþátttaka á Norðurlöndum hvað mest í heiminum og talsvert meiri en í Bandaríkjunum. Þetta er tölfræðileg staðreynd þrátt fyrir hið mikla félagslega öryggisnet á Norðurlöndum. Torben hefur þess vegna oft verið spurður af Bandaríkjamönnum hvers vegna fólk vinni yfir



höfuð í svona kerfi og einnig hvers vegna það vinni svona mikið.

„Þetta atriði er eitthvað sem t.d. sumir Bandaríkjamenn eiga oft erfitt með að skilja og þetta er í raun lykillinn að velgengninni – að fá fólk til vilja vinna þrátt fyrir öryggisnetið,“ segir Torben og vikur því næst að mikilvægi þess að fólk hafi ekki bara réttindi gagnvart velferðarkerfinu heldur líka ákveðnar skyldur.

„Kerfið er þannig uppbyggt að þú getur ekki bara tekið út. Flestir eru þeirrar skoðunar að fólk eigi að hafa rétt á bótum ef þess þarf en jafnframt sé réttlátt að gera kröfur á fólk. Í kerfinu verður að vera hvati til að vinna og þess vegna er mikilvægt að gerð sé krafa um þátttöku fólks í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði eða ekki. Ef þú ert ekki með vinnu verður þú að vera að leita að vinnu, eða taka þátt í starfsþjálfun, stunda nám eða annað sem gerir fólk hæfara til að koma aftur út á vinnumarkaðinn. Allt sem gerir einstaklinga hæfari til að geta snúið aftur til vinnu er mjög mikilvægt,“ segir Torben og vikur þannig að mikilvægi stéttarféлага og stofnana sem hafa með þessi mál að gera. Hann bendir á að eftirlit og aðstoð verði að vera í lagi til að sem flestum sem hugsanlega er kleift að vinna verði veitt aðstoð til þess að svo geti orðið.

„Fyrir fólk í láglaunastarfi munar það kannski ekki svo miklu hvort það sé á vinnumarkaðnum með lágmarkslaun eða á atvinnuleysisbótum sem eru kannski ekki nema 10-20% lægri en lágmarkslaunin. En fyrir stjórnvöld skiptir þetta gríðarlega miklu máli og á Norðurlöndum hefur tekist að halda atvinnustiginu mjög háu, með því hæsta í heiminum. Öryggisnetið, í þessu tilfelli velferðarkerfið, verður að gera ráð fyrir að allir séu virkir í samfélaginu og sjá til þess að svo sé. Það verður að vera jafnvægi á milli réttinda og skyldna þar sem fólk getur ekki bara verið að taka á móti – það verður að gefa líka.

Mikilvægi sveigjanlegs vinnumarkaðar

Annað sem Torben bendir á að sé mikilvægt til þess að kerfið gangi upp er að á Norðurlöndum hafi tekist að finna jafnvægi á milli öflugs opinbers geira og almenna vinnumarkaðarins. Lykilatriði sé alltaf það hvernig Norðurlöndunum tekst að sameina háa skatta, ríka velferð samhlíða góðum og öflugum einka- og opinberum atvinnugeira. Hann segir sveigjanleika vinnumarkaðarins þar skipta sköpum. „Á Norðurlöndum er vinnumarkaðurinn mjög sveigjanlegur – svokallað „flexicurity“ (samblanda af orðunum flexibility og security) er til gagns fyrir atvinnurekendur, launafólk og opinbera geirann. Þetta hefur verið innbyggt í Skandinavíu þar sem sveigjanleiki á atvinnumarkaði er mikill um leið og allir búa við félagslegt öryggisnet. Kerfi með þennan eiginleika gerir ráð fyrir að fyrirtæki geti á ákveðnum tímamarki bætt við sig eða fækkað starfsmönnum eftir því hvernig gengur. Kerfið leyfir þennan sveigjanleika með öryggisneti sínu,“ segir Torben og vikur næst að hinum góðu lífskjörum sem íbúar Norðurlandanna búa við.

Menntun skapar jöfnuð

„Í samanburði á OECD-ríkjunum koma háskattakerfin á Norðurlöndum mjög vel út. Lífskjör í þessum háskattaríkjum eru alla jafna vel yfir meðaltali OECD-ríkjanna. Þetta er spurning um útfærslu og eyðslu opinbers fjár. Það verður alltaf að skoða vel í hvað skatturinn fer og hvort það ríki sátt um það. Og á Norðurlöndum ríkir almenn sátt um þetta fyrirkomulag,“ segir Torben og bendir á að menntun sé lykilatriði þegar kemur að velmegun þjóða.

„Tölurnar sýna að menntun skiptir alveg gríðarlega miklu máli. Að verja fjármunum í menntun fólks skilar sér að lokum í háu atvinnustigi. Þaðan koma skattar sem fjármagna kerfið. Tölurnar sýna okkur líka að vel menntað fólk er betur launað og endist lengur á vinnumarkaðnum en þeir sem enga eða litla menntun hafa. Það skilar sér aftur í meiri skattgreiðslum og minni útgjöldum ríkisins. Menntun er einnig það atriði sem skapar mestan jöfnuð á meðal fólks þannig að útgjöld til menntamála skila sér alltaf til baka.“

Velferðarkerfið nær alltaf að aðlagast

Næst var vikið sérstaklega að Íslandi og þeim aðstæðum sem við búum við hér á landi. Torben segir velferðarkerfi Íslands og hinna Norðurlandanna mjög svipuð þótt þau séu ekki alveg eins. Hann segir muninn aðallega liggja í félagslega tryggingakerfinu, en hvað menntun og heilbrigðisþjónustu varðar eru kerfin mjög svipuð. Þá var hann sérstaklega spurður að því hvort Íslendingar hefðu verið betur eða verr settir til framtíðar ef minna hefði verið skorið niður í félags- og heilbrigðiskerfinu eftir hrun og niðurskurðinum hefði þannig verið dreift yfir lengra tímabil.

„Í sögulegu samhengi hafa velferðarkerfi Norðurlandanna alltaf náð að verja sig, aðlagast breyttum aðstæðum og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp hafa komið. Það er augljóslega halli á fjármálum hins opinbera hér á landi eftir bankahrunið og það þarf að loka því gati áður en alvöru uppbygging, með virkilega sterku velferðarkerfi, getur hafist á ný. Það er ekki alveg raunhæft að það gerist alveg strax, en það þarf ekki að vera svo langt í það. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Ísland nái sömu lífsskilyrðum og hin Norðurlöndin á komandi árum,“ segir Torben.

Hann var einnig spurður að því hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði almennt þær kröfur á lönd sem hann væri að aðstoða að þar væri mikið skorið niður í opinberum rekstri og félagslegri aðstoð.

„Því hefur oft verið haldið fram að AGS sjái hlutina í svarthvítu, sérstaklega þegar kemur að félagslegum þáttum s.s. varðandi opinberan rekstur og velferð. En þetta hefur verið að breytast eins og sést af því hvernig hlutirnir voru framkvæmdir á Íslandi. Viða þar sem AGS hefur þurft að koma til aðstoðar hafa velferðarkerfin einfaldlega aldrei staðið almennilega undir sér og ekki verið nægilega vel rekin. Það útskýrir að hluta, að víða hefur rík krafa á niðurskurð í þessum málaflokkum orðið ofan á. Rauði þráðurinn hjá AGS er hins vegar að hlutirnir geti staðið undir sér, ef hægt er að fjármagna velferðarkerfi þá er óþarfi að leggja það af.“

Jöfnuður samhlíða framförum

Í stuttu máli má því segja að niðurstöður rannsókna Torbens M. Andersen sýni fram á að velferðarkerfi Norðurlandanna standi vel undir sér, þau stuðli að jöfnuði og framförum um leið og þau hvetji fólk til að leggja sitt af mörkum.

„Auðvitað eru velferðarkerfi Norðurlandanna ekki fullkomin en það hefur samt tekist að búa til kerfi þar sem meðaltekjur eru með því hæsta í heiminum um leið og tekjudreifingin er mjög jöfn. Atvinnustigið er líka með því hæsta sem þekkest og fólk er sátt við að greiða háa skatta á meðan það hefur trú á að fjármunum þeirra sé vel varið. Fólk á Norðurlöndum sér skattgreiðslur ekki bara sem tapað fé heldur fjárfestingu. Jöfnuður er hvergi meiri en á Norðurlöndum og þótt velferðarkerfið sé öryggisnet stuðlar það líka að auknum tekjum og lífskjörum. Það er þess vegna ekki bara einhver pólitísk skoðun að velferðarkerfi líkt og það sem þróað hefur verið á Norðurlöndum sé hagkvæmt fyrirkomulag – tölfræðin sýnir svart á hvítu að svo er.“

Aukin færni – fleiri möguleikar!

Starfsmennt býður opinberum starfsmönnum upp á fjölda námskeiða sem auka starfshæfni.

Áhugaverð námskeið - um allt land:

- Lífsbraut - þekkingarbrot um samfélagsþróun
- Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum
- Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur
- Brúar- og viðbótarnám félagsliða
- Starfsnám stuðningsfulltrúa
- Sérniðið stofnananám
- Talsmaður breytinga
- Fjarkennt tölvunám
- Starfstengd enska
- Farandfyrirlestrar
- Verkefnastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Skrifstofubraut
- Ráðgjafi að láni
- Launaskólinn

Fleiri námskeið, allar frekari
upplýsingar og skráning á:

www.smennt.is

Símenntun – á þínu færi



Íkil rýrnun á kaupmætti barnabóta

Kaupmáttur barnabóta hefur rýrnað um meira en 30% frá árinu 2008 hjá hjónum sem eru á lágmarkslaunum og eiga tvö börn. Útgjöld ríkisins vegna barnabóta drógust saman um 1,7 milljarða króna á síðasta ári miðað við 2009. Tekjuskerðingarmörk barnabóta er nú svo lág að til að fá fullar og óskertar barnabætur þarf fólk að vera undir lágmarkslaunum. Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB, hefur skoðað þróun barnabóta síðustu árin.

Undanfarið hefur BSRB fjallað talsvert um þróun barnabóta. Bandalagið hefur líka undrast áhugaleysi stjórnmalaflokkanna til að fjalla um málið. Ábendingar BSRB hafa þó eitthvað ýtt við þingmönnum allra síðustu misserin þannig að barnabætur hafa í það minnsta komist á dagskrá nefndarfunda sem hafa með málaflokkinn að gera. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, á sæti í starfshópi um endurskoðun almannatryggingalaganna og nú hefur verið settur á laggimar undirhópur sem endurskoða á bótagreiðslur vegna barna. Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB, á sæti í þeim hópi sem tekur til starfa von bráðar. Þar verða allar barnatengdar bætur teknar til skoðunar og vonandi sameinaðar í einn bótaflokk eða svokallaðar barnatryggingar. Það er einlæg ósk BSRB að hópurinn skili af sér skynsömum tillögum sem verði til þess að bæta hag barnafjölskyldna, því víst er að óbreytt kerfi mun fjara út áður en langt um líður. Heildarendurskoðun á barnabótakerfinu verður að fara fram og koma til framkvæmda sem allra fyrst svo þær geti þjónað tilgangi sínum með betri og skilvirkari hætti.

Óbreyttar fjárhæðir frá 2009

Barnabætur eru hluti af almannatryggingakerfinu sem hefur það að markmiði að auka tekjujöfnuð í þjóðfélaginu. Þörf barnafjölskyldna er að öllu jöfnu meiri en annarra samfélags-hópa og því geta barnabætur ekki einungis jafnað tekjur heldur líka minnkað fátækt. Barnabætur eru því mjög mikilvæg viðbót við ráðstöfunartekjur heimila sem hafa börn á framfæri. Samkvæmt lögum skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 18 ára og eru þær ákveðnar við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga 1. ágúst ár hvert. Barnabætur eru greiddar með fjórum jöfnum greiðslum á ári og eru þær skattfrjálsar. Barnabætur eru tekjutengdar og auk þess mismunandi eftir því hvort hjón eða einstæðir foreldrar annast framfærslu barnsins. Þessar tekjutengingar valda því að sárafaír njóta fullra barnabóta sem þar fyrir utan hafa einungis hækkað tvívegis á síðustu sex árum, fyrst 2008 og

svo 2009. Fjárhæðir barnabóta hafa svo haldist óbreyttar frá 2009. Hækkun fjárhæða barnabóta á tímabilinu nemur rétt rúmum 9%.

Fleiri verða fyrir skerðingu en áður

Frítekjumark barnabóta hefur verið óbreytt frá 2009 á meðan laun hafa hækkað um tæp 18% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram 3.600.000 krónur í árslaun og hjá einstæðu foreldri af tekjum umfram 1.800.000 krónur. Á tímabilinu 2009-2012 hefur tekjuskerðingarhlutfall umfram frítekjumark haldist óbreytt. Allt ofantalið leiðir til þess að mun fleiri verða fyrir skerðingu barnabóta en áður.


Ef verðlag á Íslandi hefði haldist óbreytt frá árinu 2009 skipti það barnafjölskyldur ekki máli að bætur hafi haldist óbreyttar. Raunveruleikinn er þó allt annar því vísitala neysluverðs hefur hækkað um 46% ef miðað er við uppsafnaða hækkun í febrúarmánuði 2012 frá sama mánuði 2007 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Grafið sem sjá má hér til hliðar sýnir þróun vísitölu barnabóta, neysluverðs og kaupmáttar barnabóta. Þar sést glögg að frá árinu 2007 hefur vísitala barnabóta hækkað um rúm 9% á meðan vísitala kaupmáttar barnabóta hefur lækkað um 25%. Það þýðir að kaupmáttur fjárhæða barnabóta hefur rýrnað um 25% á tímabilinu ef litið er framhjá tekjuskerðingunni. Þótt



krónurnar séu örlítið fleiri í dag duga þær fyrir mun minna en fyrir fáeinum árum.

Þar sem barnabætur eru hluti af tekjujöfnunartækjum hins opinbera eru það án efa lægstu tekjuhóparnir sem verða verst úti þegar þróunin er eins og hún hefur verið. Það þarf að grípa strax inn í og hefja leiðréttingar á barnabótakerfinu áður en rýrnunin verður orðin svo mikil að barnabótakerfið fjarar út. BSRB mun halda áfram að vekja athygli á þessari þróun og gera sitt besta til að halda ráðamönnum við efnið svo barnabæturnar heyri ekki sögunni til innan fárra ára.

Kaupmáttur barnabóta hefur rýrnað gríðarlega



Þróun vísitölu barnabóta, neysluverðs og kaupmáttar barnabóta. Frá árinu 2007 hefur vísitala barnabóta hækkað um rúm 9% á meðan vísitala kaupmáttar barnabóta hefur lækkað um 25%. Þótt krónurnar séu örlítið fleiri í dag fæst mun minna fyrir þær en fyrir fáeinum árum.

Þróun greiddra barnabóta 2008-2012 eftir fjölskyldutegund

	Einstætt foreldri með 2 börn (6 ára og 10 ára)	Hjón með 2 börn (6 ára og 10 ára)
2008	541.152	367.552
2009	575.169	394.845
2010	570.969	386.445
2011	560.769	366.045
2012	544.449	333.405

Dæmi um þróun barnabóta hjá einstaklingi og hjónum með 2 börn á lágmarkslaunum. Miðað er við uppsafnaða vísitölu neysluverðs í febrúar 2012. Frá febrúar 2008 hefur kaupmáttur barnabóta rýrnað um rúm 26% hjá einstæðu foreldri tveggja barna á lágmarkslaunum og rúm 33% hjá hjónum með tvö börn og bæði á lágmarkslaunum á tímabilinu 2008-2012.

Frítekjumark barnabóta 2007-2012

Ár	Einstætt foreldri	Hjón
2007	1.115.598	2.231.195
2008	1.440.000	2.880.000
2009	1.800.000	3.600.000
2010	1.800.000	3.600.000
2011	1.800.000	3.600.000
2012	1.800.000	3.600.000

Frítekjumark barnabóta hefur verið óbreytt frá 2009 á meðan laun hækkuðu um tæp 18% samkvæmt launavísitölu hagstofunnar. Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram kr. 3.600.000 og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram kr. 1.800.000.

Allir útreikningar byggja á gögnum frá Ríkisskattstjóra og Hagstofunni.

Stefnt að 36 stunda vinnuviku

Það er vel þekkt staðreynd að Íslendingar vinna mikið. Allra síðustu ár hefur örorka, snemmbær ellilífeyristaka og andleg sem líkamleg ofreynsla færst verulega í aukana. Rannsóknir sýna að draga megi úr því með styttri vinnutíma auk þess sem afköst starfsfólks aukast hlutfallslega með styttri vinnuviku. Eitt af baráttumálum BSRB í nánustu framtíð er að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi og er stytting vinnutíma grundvallar þáttur í því markmiði. Bandalagið telur aðstæður dagsins í dag vel til þess fallnar að hefja þá vinnu.

BSRB hefur á síðustu árum barist fyrir styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir í dagvinnu til að skapa fjölskylduvænna vinnuhverfi. Eftir efnahagshrunið hafa áherslur starfsfólks breyst. Margir setja fjölskylduna í frekari forgang en áður og fólk metur frítíma sinn betur. BSRB telur þess vegna að nú séu aðstæður tilvaldar til að hefjast handa við styttingu vinnuvikunnar og er það eitt af baráttumálum framtíðarinnar.

Styttri vinnuvika stuðlar að auknu jafnrétti

Erlendar rannsóknir sýna að fjórða hvert foreldri sem er í fullu starfi vinnur að meðaltali 80 tíma vinnuviku, en þá er átt við bæði launuð störf sem ólaunuð. Ólaunuðu störfin fara fram inni á heimilinu við ýmis heimilisstörf og umönnun barna. Hér á landi er atvinnuþátttaka kvenna mjög mikil en engu að síður er algengara að konur minnki starfshlutfall sitt eða hætti störfum vegna barnseigna fremur en karlar. Reynsla fjölda annarra þjóða, sem við berum okkur helst saman við, er að styttri vinnuvika stuðli að auknu jafnrétti. Í Stokkhólmi var gerð tilraun með sex tíma vinnudag sem sýndi fram á að bæði konur og karlar juku ólaunaða vinnu sína að einhverju leyti. Konurnar nýttu ennfremur meiri tíma í sjálfsrækt og félagsleg tengsl og karlarnir eyddu meiri tíma með börnum og við heimilisstörf en áður. Árangurinn af þeirri tilraun varð því strax mælanlegur.

Framleiðni eykst með styttri vinnutíma

Kannanir sýna að Íslendingar vinna gjarnan lengri vinnudag en fólk í löndunum í kringum okkur. Við búum við þær aðstæður í dag að örorka, snemmbær ellilífeyristaka og andleg sem líkamleg ofreynsla

hefur aukist verulega. BSRB hefur á undanförunum árum fengið mörg mál inn á borð til sín sem varða óvinnufærni félagsmanna vegna óhóflegrar aukningar vinnuálags og starfstengdrar streitu. Vinnuvikan hefur verið stytt hjá fjölda þjóða sem við berum okkur helst saman við og er reynsla þeirra sú að starfsmenn upplifðu minni streitu í starfi, töldu sig hafa betri stjórn á verkefnum sínum, voru ánægðari í störfum og skiluðu meiri framleiðni. Styttri vinnuvika eykur einnig líkur þess að allir sem vilja vinna geti tekið þátt á vinnumarkaði og styttri vinnutími hefur einnig verið nýttur til að draga úr atvinnuleysi. Sú röksemd á vel við hér á landi, ekki síst í ljósi umræðunnar um hækkan lífaldurs Íslendinga.

Stefnt að fjölskylduvænna samfélagi

Velta má upp þeirri spurningu hvort nokkur önnur breyting á samfélaginu en einmitt sú einfalda aðgerð að stytta vinnuvikuna, geti skilað þeim árangri að einstaklingar fái meiri frítíma, endist lengur á vinnumarkaði og líði betur á vinnustað, um leið og stuðlað er að frekara jafnrétti. Lengst af hafa hugmyndir BSRB um styttri dagvinnutíma ekki fengið mikinn hljómgrunn hjá viðsejendum bandalagsins og aðildarféлага þess. Þegar BSRB vakti fyrst athygli á málinu árið 2004 var viðkvæðið að hér vantaði svo mikið vinnuafli að flytja þyrfti inn fólk til að vinna störfin. Því væri fráleitt að stefna að styttri vinnuviku. Nú er ekki vöntun á fólki til starfa heldur þvert á móti nokkuð atvinnuleysi og er því lag að hefjast handa.

Við gerð síðustu kjarasamninga féllust stjórnvöld loks á að skipa markmiðshóp sem skal vinna að mögulegri útfærslu á 36 stunda vinnuviku. Hópurinn hefur m.a. það hlutverk að marka stefnu að fjölskylduvænna samfélagi og skal sérstaklega skoða kosti þess að stytta vinnuviku í áföngum með það að markmiði að dagvinna verði 36 stundir á viku.

BSRB telur það vera eitt af markmiðum framtíðarinnar enda sýna margar rannsóknir og reynsla annarra ríkja sem við berum okkar saman við fram á ótvíræða kosti þess, bæði fyrir starfsfólk og í mörgum tilvikum einnig atvinnurekendur. Það er von BSRB að styttri vinnuvika komist til framkvæmda í áföngum í nánustu framtíð.





STERKARI MEÐ SÍMENNTUN

Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Lögð er áhersla á virka þátttöku námsmanna og fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Bjóðum upp á:

- Símenntunarnámskeið með áherslu á félags- og heilbrigðisstéttir
- Vottaðar lengri námsleiðir með áherslu á félags-, heilbrigðisstéttir og skrifstofufólk
- Sérniðin námskeið í samvinnu við stéttarfélag, vinnustaði og stofnanir



Nánari upplýsingar og skráning á
www.framvegis.is og í síma 581 1900



Þróun fæðingarorlofs á Íslandi

Í upphafi árs 2008 bjuggu Íslendingar við ríkulegt fæðingarorlofskerfi. Fæðingarorlofskerfi okkar var raunar svo gott að það þótti til eftirbreytni hjá öðrum þjóðum. Ástæða þess var einkum að á aðeins örfáum árum hafði tekist að búa til kerfi sem fól í sér að hlutfall feðra og mæðra sem nýttu sér kerfið var því sem næst jafnt. Lögjafarvaldinu og framkvæmdavaldinu þótti vel hafa tekist til frá setningu fæðingarorlofslaga árið 2000 og eitt meginmarkmið laganna hefði náðst, þ.e. að feður tækju fæðingarorlof í auknum mæli enda höfðu einungis um 30% þeirra tekið fæðingarorlof 2001. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, fjallar um þróun fæðingarorlofs á Íslandi og þá miklu afturför sem orðið hefur á kerfinu allra síðustu ár.

Í byrjun árs 2009 voru hámarksgreiðslur fæðingarorlofs, svonefnt þak, lækkaðar í 400.000 kr. Frá upphafi mótmælti BSRB harðlega þeim sparnaðarkröfum sem lagðar voru á Fæðingarorlofssjóð. Bandalagið leit svo á að lækkun þaksins hefði óhjákvæmilega í för með sér afturhvarf til fortíðar þar sem afleiðingin yrði sú að færri feður tækju fæðingarorlof og þannig væri vegið að þeirri jafnréttishugsun sem ætti að felast í kerfinu. Markmið fæðingarorlofslaganna er að tryggja að barn og foreldrar geti notið samvista. Einnig er lögnum ætlað að tryggja samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs foreldra. Skerðing á greiðslum í fæðingarorlofi drægi úr líkum þess að framangreind markmið laganna næðust og væri jafnframt varhugaverð afturför í jafnréttismálum.

Breytingum harðlega mótmælt

BSRB kom mótmælum sínum margsinnis á framfæri við ráðherra fæðingarorlofsmála, ríkisstjórn, félagsmálanefnd Alþingis og alla sem gátu haft áhrif á málið. Ávallt mætti málið skilningi en engu að síður hélt niðurskurðurinn áfram. Þá var þakið lækkað í tvisgang, um mitt ár 2009 og í upphafi árs 2010. Enn á ný mótmælti bandalagið þeim skerðingum á greiðslum enda þótti því ljóst að fæðingarorlofskerfið væri í verulegri hættu þar sem afleiðingar þess væru að sífellt færri foreldrar, bæði feður og mæður, myndu nýta rétt sinn til fæðingar-

orlofs. Foreldrar hefðu einfaldlega ekki efni á að taka fæðingarorlof og hluti þeirra forðaðist að taka fæðingarorlof af ótta við viðbrögð vinnuveitenda sinna. Slíkt ástand væri að mati BSRB óásættanlegt.

Færri feður fara í fæðingarorlof

Í dag er raunin sú að fleiri foreldrar, sér í lagi feður, nýta rétt sinn til fæðingarorlofs en fyrir efnahagshrun. Feður tóku að meðaltali 66 daga í fæðingarorlof árið 2010 en 103 daga árið 2008, hefur því dögum sem feður tóku í fæðingarorlof fækkað að meðaltali um 37 daga frá efnahagshruninu. Fækkun fæðingarorlofsdaga hefur einnig orðið hjá konum á milli ára þótt hún sé ekki jafn mikil. Fram kemur í Landshögum 2011 að á árinu 2010 hafi konur tekið 158 daga að meðaltali í fæðingarorlof á móti 178 dögum árið 2008. Haft hefur verið eftir forstöðumanni Fæðingarorlofssjóðs að margir feður hafi ekki tók á því að fara í fæðingarorlof eftir að hámarksgreiðslur sjóðsins voru lækkaðar.

BSRB telur því brýnt að hækka greiðsluþak Fæðingarorlofssjóðs á ný og tryggja þannig rétt barna til samvista við báða foreldra líkt og markmiðið var með setningu fæðingar- og foreldraorlofslaga og hefur barist ötullega fyrir því.

Tryggja verður að kerfið virki

Nýlega kom fram að Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra teldi það áhyggjuefni að feðrum sem taka fæðingarorlof fari fækkandi. Til standi að skoða að hækka aftur hámarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs vegna þessa en ráðuneytið hafi tekið til skoðunar hvernig eigi að bregðast við þessu. Telur hann að kynntar verði breytingar á fæðingarorlofinu samhliða fjárlagafrumvarpinu næsta haust. Í samtölum BSRB við ráðherra hefur komið fram að byrjað verði á að hækka greiðsluþakið en það verði að líkindum gert í nokkrum skrefum.

BSRB telur að slíkar breytingar yrðu vissulega framfaraskref en óhjákvæmilegt er að benda á það óréttlæti sem börn, er fæðast þangað til breytingarnar komast á, verða fyrir. Á meðan foreldrar eru að neita sér um fæðingarorlof vegna fjárhagsástæðna eða af ótta við að missa vinnuna í kjölfarið er kerfið ekki að virka. Stjórnvöld verða að tryggja að kerfið virki eins og því er ætlað og tryggja þannig rétt barna til samvista við báða foreldra líkt og markmiðið var með setningu fæðingar- og foreldraorlofslaga.





Þróun fæðingarorlofs á Íslandi - yfirlit

Réttur á fæðingarorlofi

1980-1987 Fæðingarorlof 3 mánuðir.

1987-2000 Fæðingarorlof 6 mánuðir.

Foreldrar ráða skiptingu fæðingarorlofs. Sjálfstæður réttur feðra til töku fæðingarorlofs tók gildi 1998.

2001-2012 Fæðingarorlof 9 mánuðir.

Skiptist í 3 mánuði fyrir móður, 3 mánuði fyrir föður og 3 mánuði sem annað foreldrið getur tekið í heild eða þeir skipt á milli sín. Þar fyrir utan hafa báðir foreldrar rétt á foreldraorlofi í 4 mánuði sem er óframseljanlegt og launalaust leyfi.

Greiðslur í fæðingarorlofi

1987 - 2000

Fram til ársins 2000 skiptust greiðslur í fæðingarorlofi í fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga.

Fæðingarpeningar voru tvöfaldir sjúkradagpeningar og bundnir atvinnuþáttöku:

Fulla fæðingardagpeninga ef unnar dagvinnustundir síðustu 12 mánaða voru að lágmarki 1.032.

Hálfa fæðingardagpeninga ef dagvinnustundir síðustu 12 mánaða voru á milli 512 og 1.031.

Fæðingarstyrkur var föst upphæð óháð atvinnuþáttöku.

Félagsmenn stéttarféлага sem héldu óskertum launum í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum áttu ekki rétt á fæðingarstyrk eða fæðingardagpeningum.

Fæðingarstyrkur 1987 var 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði.

Fæðingarorlof		Fæðingarstyrkur			
Ár	Hámarksgreiðslur ^c	Lágmarksgreiðslur 25-49% starfshlutfall	Lágmarksgreiðslur 50-100% starfshlutfall	Utan vinnumarkaðar eða <25% starfshlutfall	75-100% nám
2001	80%	57.057	79.077	35.037	79.077
2002 ^a	80%	57.057/60.195	79.077/83.426	38.015	85.798
2003	80%	62.121	86.096	39.232	88.544
2004	80%	65.227	90.401	40.409	91.200
2005	480.000	67.184	93.113	41.621	93.113
2006	504.000	70.543	97.769	42.662	95.441
2007	518.600	72.584	100.604	43.899	98.209
2008	535.700	74.945	103.869	45.324	103.869
2009 ^b	400.000/350.000	82.184	113.902	49.702	113.902
2010	300.000	82.184	113.902	49.702	113.902
2011	300.000	82.184/ 88.841	113.902/123.128	49.702/53.728	113.902/123.128
2012 ^d	300.000	91.950	127.437	55.608	127.437

Heimild: Vinnuálastofnun (Fæðingarorlofsjóður) og lög um fæðingarorlof frá 2000.

a. 1. janúar-17. mars/18. mars-31. desember.

b. Janúar-júní/júlí-desember.

c. Hámarksgreiðslur 2001-2004 voru 80 % af meðallaunum síðustu 12 mánaða.

d. Janúar-maí/júní-desember.

Ekki er allt sem sýnist í lífeyrismálum

Munurinn á ráðstöfunartekjum eftir því hvort lífeyrisþegar fá greitt úr opinberum eða almennum lífeyrissjóðum er mun minni en margir hafa haldið fram. Óháð skýrsla sem unnin var um um samspil lífeyrisgreiðslna, almannatrygginga og skatta sýnir fram á að munurinn er nær 6-7% en ekki yfir 20% eins og sumir halda fram.

14

Ný skýrsla sem Benedikt Jóhannesson gerði um samspil lífeyrisgreiðslna, almannatrygginga og skatta að beiðni BSRB, BHM og KÍ var kynnt á fjölmennu málþingi í janúar. Gjarnan hafa forystumenn almenna vinnu- markaðarins og sumir þingmenn gerst sekir um að fara fram með vafasamar fullyrðingar um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Málflutningur þeirra hefur gjarnan verið á þá leið að þeir sem fá greitt úr opinberu lífeyrissjóðunum hafi mun meira til framfærslu en þeir sem fá greitt úr almennum lífeyrissjóðum. Skýrsla Benedikts sýnir hins vegar fram á að munurinn á ráðstöfunartekjum eftir því hvort lífeyrisþegar fá greitt úr opinberum eða almennum lífeyrissjóðum er mun minni en gjarnan hefur verið haldið fram.

Hár lífeyrir = Lægri almannatryggingar

Forystumenn almenna vinnu- markaðarins hafa fram til þessa aðeins horft á greiðslur lífeyrissjóðanna og bent á að þær séu hærri hjá þeim opinberu en algerlega horft fram- hjá jöfnunaráhrifum skatta og greiðslna frá Tryggingastofnun. Rétt er að opinberu lífeyrissjóðirnir greiða hærri lífeyri en hinir almennu. En það segir ekki alla söguna. Lög

tryggja öllum lífeyrisþegum lágmarks- framfærslu frá Tryggingastofnun en greiðslur úr lífeyrissjóðum dragast frá þeirri upphæð með tilteknu skerðingarhlutfalli.

Þegar tillit hefur verið tekið til þessara þátta sést að munur á ráðstöfunartekjum lífeyrisþega hjá opinberu sjóðunum og hinum almennu er um 6% en ekki rúmlega 20% eins og oft hefur verið haldið fram. Því hærri sem greiðslur úr lífeyrissjóðum eru því minni er kostnaður ríkissjóðs í gegnum almannatryggingar Tryggingastofnunar Dulin skuldbinding ríkissjóðs í gegnum Tryggingastofnun vegna sjóðsfélaga almennu sjóðanna er því gríðarleg enda greiðslur Tryggingastofnunar til þeirra hlutfallslega mun hærri og skattgreiðslur þeirra lægri en lífeyrisþega opinberu sjóðanna. Dæmi af því hvernig þetta virkar má sjá á myndrænan hátt hér á blaðsíðunni til hægri.

Mýtan um lúxuslífeyrisréttindi

Hin meintu lúxuslífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hafa gjarnan verið notuð sem rök fyrir lægri launum þeirra og því haldið fram að á heildina litið jafnist ævitekjur opinberra og almennra starfsmanna út á


elliárunum. Hins vegar sést af útreikningum að þegar ævilaun eru borin saman bera opinberir starfsmenn skarðan hlut frá borði. Að opinberir starfsmenn eigi að vera á lægri launum en þeir sem eru á almenna markaðnum vegna betri lífeyriskjara eru þess vegna rök sem halda ekki vatni.

Nú er vinna við nýtt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn hafin þar sem allir aðilar eiga að koma með opnum huga að borðinu. Það er sjálfsagt réttlætismál að jafna lífeyrisréttindi landsmanna en um leið þarf að huga að jöfnun launa. Þessar leiðréttingar mega þó ekki eiga sér stað með þeim hætti að skerða réttindi hjá einum hópi til að færa hann nær öðrum líkt og stundum virðist vera viðkvæðið þegar kemur að lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Lífeyrismál eru eitt stærsta viðfangsefni stjórnvalda og launafólks á komandi árum enda miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi, bæði fyrir ríkissjóð og væntanlega lífeyrisþega. Það verður að vanda vel til verka og ekki gera breytingar nema að vel ígrunduðu máli.

Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun fjallar um niðurstöðu skýrslu sinnar á fjölsóttu málþingi BSRB, KÍ og BHM í janúar.



Anna og Bjarni greiða hvort um sig af launum sínum í lífeyrissjóð í 38 ár.



Anna

A-deild LSR Almennur sjóður

Mánaðarlaun

350.000 kr. 350.000 kr.

Framlag launþega

14.000 kr. 14.000 kr.

Framlag vinnuveitanda

40.250 kr. 28.000 kr.

Samtals framlag í lífeyrissjóð

54.250 kr. 42.000 kr.



Bjarni

Munur

0%

0%

-30,4%

-22,6%

Þegar kemur að töku lífeyris búa þau ein (ekki á elliheimili) og hafa aðeins tekjur úr sínum lífeyrissjóði og frá Tryggingastofnum.

Tekjur úr lífeyrissjóði

252.700 kr. 195.500 kr.

Tekjur frá TR

27.000 kr. 58.600 kr.

Alls tekjur

279.700 kr. 254.100 kr.

Skattar

59.300 kr. 49.000 kr.

Ráðstöfunartekjur eftir skatt

220.400 kr. 205.100 kr.



-22,6%

+117,0%

-9,2%

-17,4%

-6,9%



38 ár ←

Munurinn á ráðstöfunartekjum Önnu og Bjarna verður nánast enginn ef þau flytja á elliheimili.

Heimild: Skýrsla Talnakönnunar hf. **Samspil almannatrygginga, lífeyris frá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, lífeyris frá almennum lífeyrissjóðum og skatta** Reykjavík 2011 og **Oddur S. Jakobsson** hagfræðingur KÍ.

Kynjabókhalld BSRB

Árlegt kynjabókhalld BSRB er nú gefið út í þriðja sinn en það kom fyrst út árið 2010. Tilurð þess er að rekja til jafnréttisnefndar BSRB sem ákvað að greina skyldi helstu lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi bandalagsins og aðildarfélaganna þess. Sú ákvörðun var tekin í samræmi við ályktun 42. þings BSRB um jafnréttismál. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, tók kynjabókhalldið saman.

Í kynjabókhalldinu er að finna upplýsingar um hin ýmsu kynjahlutföll innan BSRB sem aflað var í febrúar til apríl á þessu ári. Þar á meðal eru gröf og línurit yfir kynskiptingu félagsmanna, stjórnar aðildarfélaganna, stjórnar og skipaðra fulltrúa á vegum BSRB. Einnig hlutföll kynja félagsstjórnar og nefndarmanna aðildarfélaganna, kynjahlutföll tilnefndra fulltrúa nefnda stjórnar og ráða á vegum BSRB. Bandalagið tilnefnir árlega fjölda manns til hvers kyns fulltrúastarfa, s.s. í vinnuhópa eða nefndir innan ráðuneytanna, vegna lífeyrissjóðanna, vinnumarkaðsmála, fræðslumála og í erlent samstarf við önnur heildarsamtök launamanna og má finna kyngreindar upplýsingar þar um. Þá bætist sú nýjung nú við að í bókhalldinu í ár gefur að líta helstu tölur yfir stjórnendur og starfsmenn skrifstofa BSRB og aðildarfélaganna.

Kynjabókhalld BSRB síðustu ár leiddi í ljós að auka þurfti hlut kvenna í stjórn bandalagsins. Erfitt er hins vegar fyrir BSRB að vinna að slíkri aukningu enda eru formenn stéttarfélaganna félagslega kjörnir á aðalfundum félaga. Síðastliðin tvö ár hafa félagsmenn BSRB verið 69% konur og 31% karlar, en hlutfall kvenna innan stjórnar BSRB var 41% á móti 59% karla. Engin breyting hefur orðið 2012 hvað kynjahlutföll félagsmanna BSRB varðar jafnvel þótt nokkrar breytingar hafi orðið á félagatölum aðildarfélaganna og ýmist konum eða körlum fækkað innan þeirra. Hlutföll kynja innan stjórnar BSRB 2012 er einnig óbreytt. Hlutföll kynja í nefndum er starfa á vegum bandalagsins hefur heldur ekki breyst á milli ára, enda eru fulltrúar þeirra kjörnir á þingi BSRB sem haldið er þriðja hvert ár. Fyrir næsta þing BSRB í október 2012 er mikilvægt að jafna kynjahlutföll fulltrúa sem kjörnir eru til nefndarsetu en helst má nefna fræðslunefnd,

heilbrigðis- og velferðarhóp sem og jafnréttisnefnd. Hlutföll annarra tilnefndra fulltrúa á vegum BSRB eru nokkuð jöfn, t.d. fulltrúa í fræðslumálum, vinnumarkaðsmálum, erlendu samstarfi og ýmsum nefndum og ráðum.

Þá hafa engar breytingar orðið milli ára á kynjasamsetningu samtölu allra stjórnarmanna aðildarfélaganna 2012 miðað við 2011. Milli 2010 og 2011 urðu hins vegar þær breytingar að konur juku hlut sinn úr 56% í 62%. Að sama skapi fækkaði körlum úr 44% í 38%.


Hjá einstaka félögum er forvitnilegt að skoða hvort kynjahlutföll félagsmanna hafi breyst í ljósi mikilla hagræðingarkrafna til atvinnurekenda með tilheyrandi uppsögnum á undanförunum árum. Flest kynjahlutföll aðildarfélaganna breyttust um 1-3% milli ára 2010-2011 og sömu sögu er að segja nú. Meiri breytingar mátti sjá hjá nokkrum aðildarfélögum en eftirfarandi félög eiga það sameiginlegt að hlutur kvenna er tæplega 70% eða meiri að undanskildu Tollvarðafélagi Íslands. Í kynjabókhalldi BSRB 2012 má sjá aukningu hlutfalls karla um 4,3% í Starfsmannafélagi Fjallabyggðar, aukningu hlutfalls karla um 3,3% í Starfsmannafélagi Kópavogs, aukningu hlutfalls kvenna um 4,5% í Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar, aukningu hlutfalls karla um 5,9% í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar og aukningu hlutfalls karla í Tollvarðafélagi Íslands um 5,1%.

Kynjabókhalld BSRB má nálgast í heild á heimasíðu bandalagsins www.bsrb.is.




FÉLAGSMENN BSRB

Heildarfjöldi félagsmanna BSRB er 21.998 og eru konur 15.201 og karlar 6.797.




STJÓRN BSRB

Í stjórn BSRB sitja 29, þar af eru konur 12 og karlar 17. Stjórnin er skipuð formanni BSRB og formönnum aðildarfélaga bandalagsins.




STJÓRNIR AÐILDARFÉLAGA

Stjórnir aðildarfélaga eru 27 en fjöldi innan hvernar stjórnar er 5 - 16 að meðtöldum varamönnum.



Hlutfall karla og kvenna innan aðildarfélaga BSRB



Kynbundinn launamunur eykst á ný

Eitt af helstu baráttumálum BSRB fyrr og nú er baráttan fyrir því að kynbundnum launamunur verði útrýmt. Það er ótrúleg staðreynd að launamunur kynjanna sé að aukast þrátt fyrir rúmlega 100 ára baráttu gegn honum. Nú eru nærri 40 ár liðin frá því að löggjöf sem kveður á um að greiða eigi körlum og konum jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf var sett.

Bandalagið fær gjarnan þá spurningu hvort ekki þurfi að fara að breyta aðferðafræðinni í baráttunni gegn launamuninum þar sem ekkert reki fram. Spurningunni er vandsvarað enda varla ljóst hvort ástæðan fyrir honum sé sú að það þurfi ávallt að leita nýrra leiða til að tryggja launajafnrétti eða hún sé einfaldlega sú að atvinnurekendur hafi ekki lagt nægilega af mörkum til að svo megi verða.

Aukagreiðslur fara frekar til karla

Skömmu eftir efnahagshrun benti BSRB vinnuveitendum félagsmanna á að tækifæri væri til að uppræta launamuninn enda stóðu flestir launagreiðendur frammi fyrir endurskoðun launamála samhliða fjárhagslegum aðhaldsaðgerðum í kjölfar hrunsins. Í fyrstu virtist sem sú yrði raunin þar sem kynbundinn launamunur minnkaði nokkuð. Skýringar þess voru þó líklega af neikvæðum toga þar sem allt benti til að laun karla hefðu verið lækkuð fremur en að laun kvenna hefðu verið hækkuð. En á þeim tíma var yfirvinnustundum fækkað og aukagreiðslur minnkaðar. Skerðing á slíkum greiðslum varð þess valdandi að óútskýrður launamunur minnkaði.

Nýjustu launakannanir aðildarféлага BSRB, SFR stéttarfélags í almannajónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 2011 leiða hins vegar í ljós að óútskýrður kynbundinn launamunur sé 13,2% en árið áður mældist hann 9,9% og árið 2009 var hann 11,8%. Þær niðurstöður gefa vart annað til kynna en að um leið og svigrúm myndaðist fyrir aukna yfirvinnu og aðrar aukagreiðslur hafi þær frekar farið til karla en kvenna.

Umfangsmikil kjarakönnun í bígerð

Meðal þess sem BSRB hefur gert og mun nýta í baráttunni gegn launamun kynjanna er gerð kjara- og viðhorfskönnunar meðal allra aðildarféлага bandalagsins. BSRB hefur samið við Capacent Gallup



um gerð slíkrar könnunar. Könnunin mun verða ein af stærstu og veigamestu launa- og vinnumarkaðskönnunum landsins og skapa mikilvægan grunn til samanburðar og rannsókna á launaþróun meðal félagsmanna BSRB. Sérstök áhersla verður lögð á að greina laun á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar til samanburðar. Þannig nýtist könnunin launamönnum, launamannahreyfingum og atvinnurekendum bæði til viðmiðunar á launum, þróun þeirra sem og til jöfnunar. Niðurstöður hennar verða birtar með haustinu, um leið og þær liggja fyrir.

Nóg af tali – nú þarf að framkvæma

Kynbundinn launamunur hefur verið til umræðu hjá aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um mjög langt skeið og óumdeilt er að vandinn er til staðar. Búið er að skipa marga starfshópa og fá fjöldann allan af sérfræðingum til að greina vandann. Í síðustu kjarasamningsgerð krafðist BSRB þess að næstu skref í baráttunni væru ekki eingöngu í þá átt að greina vandann heldur þyrfti að hefjast handa við að vinna gegn honum. Það yrði hins vegar ekki gert nema settir séu fjármunir í það. Viðsejendur okkar veigruðu sér við að samþykka að hefjast skyldi handa og vildu greina vandann frekar. Bandalagið hefur lagt til að gerð verði áætlun um hvernig megi takast á við hann í áföngum. Óhjákvæmilegt sé að hefjast handa sem fyrst í stað þess að halda áfram þeirri umræðu að berjast þurfi gegn vandanum. Taka þarf fyrstu skrefin í þeirri framkvæmd.

Ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar er mikil, það er okkar að tryggja að krafan um jöfn laun verði bráðum úrelt. En ábyrgðin snýr einnig að samfélaginu öllu. Það hvernig þjóðfélag við viljum búa við er á ábyrgð okkar allra. Hættum að flokka launafólk niður eftir kynferði og byggjum upp samfélag jafnréttis. Gefum ekkert eftir fyrr en fullu jafnrétti, endanlegu jafnrétti er náð.

Setning jafnlaunastaðals

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga rituðu Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon þáverandi fjármálaráðherra bréf BSRB þar sem meðal annars kom fram að skipa ætti sérstakan starfshóp eftir tillögu bandalagsins sem skal skipa að því að uppræta kynbundinn launamun. Starfshópurinn á að hefja störf í kjölfar setningar jafnlaunastaðals sem Staðlaráð vinnur að. Hlutverk hans verður einnig að skila áfangaskýrslu í upphafi árs 2012 og 2013 og á að horfa til þeirra aðferða sem stjórnvöld í Noregi og Svíþjóð hafa gripið til í baráttunni gegn launamun kynjanna. Stjórnvöldum er full ljóst, eins og segir í undirrituðu skjali forsætis- og fjármálaráðherra, að þessi vinna kunní að leiða í ljós óútskýrðan launamun sem verði brugðist við – sem getur ekki verið með öðrum hætti en bætt launakjör þeirra sem brotið hefur verið á.

Viljayfirlýsing um jafnlaunapotta

Við síðustu kjarasamningsgerð voru einnig kynntar hugmyndir BSRB um svonefnda jafnlaunapotta. Bandalagið lagði einnig til sömu tillögur við kjarasamningsgerð 2005. Jafnlaunapottarnir eru að norskri fyrirmynd og fela í sér að úr þeim er greitt til stétta þar sem konur eru að minnsta kosti 60% starfsmanna og launamunur kynjanna er mælanlegur. Reynt var að fá ríkisstjórnina í samstarf um að vinna að útfærslu þessarar leiðar svo að hefja mætti þá vegferð að leiðrétta launamun milli starfsstétta þar sem meirihluti væri af öðru kyninu. Málið fékk ekki brautargengi en áðurnefnd viljayfirlýsing um starfshóp gegn kynbundnum launamun felur í sér að tekið skal mið af þeim leiðum sem verkalýðshreyfingar í Noregi og Svíþjóð hafa farið. Svo að útrýma megi kynbundnum launamun er ekki síður mikilvægt að taka til skoðunar mat á störfum, kvennastörf gagnvart karlastörfum enda er vinnumarkaðurinn mjög kynjaskiptur.



ALLIR VELKOMNIR

Í 1. MAÍ KAFFI

Í BSRB HÚSINU, GRETTISGÖTU 89

AÐ LOKNUM ÚTIFUNDINUM

Á INGÓLFSTORGI



Breyttar þarfir á húsnæðismarkaði

Kannanir sýna að fleiri gætu vel hugsað sér að leigja húsnæði í stað þess að eiga. Helstu hindranir eru hins vegar takmarkað framboð leiguhúsnæðis, lítið öryggi og hátt leiguverð. Þá er stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform mjög misjafn. BSRB vill að almennu leigukerfi verði komið á hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB, átti sæti í samráðshópi velferðarráðuneytisins um húsnæðismál og hefur komið sjónarmiðum bandalagsins á framfæri þar.

Eitt af baráttumálum BSRB er að allir hafi öruggt þak yfir höfuðið á viðráðanlegu verði. Það ætti öllum að vera ljóst að á Íslandi hefur ríkt mjög mikil séreignastefna í húsnæðismálum og leigumarkaðurinn hefur verið takmarkaður og ótraustur. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að fólk hefur sífellt þurft að skipta um leiguhúsnæði, framboð á leiguhúsnæði hefur verið takmarkað, leiguverðið hátt, auk þess sem húsnæðisstuðningur við leigjendur hefur verið mun minni en þá sem búa í eigin húsnæði. Í kjölfar efnahagserfiðleika landsins hefur eftirspurn eftir leiguhúsnæði aukist til muna. Ástæða þess er að hluta til takmarkaðri aðgangur að lánsfé til kaupa á eigin húsnæði, lægra lánshlutfall og greiðslugeta fólks hefur minnkað vegna kaupmáttarrýrnunar ráðstöfunartekna. Verðtrygging húsnæðislána, með stöðugt hækkandi höfuðstóli, hefur síðan fælt marga frá því að fjárfesta í húsnæði.

Fleiri vilja leigja

Í skoðannakönnun sem Reykjavíkurborg lét Capacent Gallup gera í desember 2011 kemur fram að 18% landsmanna búa í leiguhúsnæði og 13% húsnæðiseigenda gætu vel hugsað sér að færa sig yfir á leigumarkaðinn. Það liggur því ljóst fyrir að bregðast verður við breyttum aðstæðum á húsnæðismarkaði og auka jafnræði milli ólíkra búsetuforma. Lítið er um umsvif einkaaðila á húsaleigumarkaði, ef frá eru taldir íbúðir sem einstaklingar leigja út til skemmri tíma. Þess vegna telur BSRB nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög verði leiðandi í uppbyggingu stærri og varanlegri leigumarkaðar.

BSRB telur að nauðsynlegt sé að jafnræði ríki á milli ólíkra búsetuforma. Leigumarkaður verður að vera raunverulegur valkostur fyrir alla þjóðfélagshópa en ekki bara lágtekjuhópa. Bandalagið telur eina grundvallarforsenduna fyrir því að auka leiguhúsnæði á hagkvæman hátt séu stærri félög með margar íbúðir á sínum snærum. Til að halda leiguverði niðri þurfa íbúðir að vera sniðnar að þörfum leigjenda. Íbúðalánasjóður hefur sett fjölmargar af yfirteknum íbúðum í leigu. Leiguverð er þó oft hátt þar sem sjóðnum er gert að rukka markaðsleigu samkvæmt samkeppnislögum. Einnig eru margar íbúðir sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið of stórar og dýrar til hægt sé að leigja þær út með góðu móti auk þess sem þær eru síst staðsettar þar sem eftirspurnin er mest. BSRB telur því afar mikilvægt að hagsmunaaðilar starfi saman með hinu opinbera við uppbyggingu varanlegs langtímaleigumarkaðar, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni.

Leigukerfi að norrænni fyrirmynd

BSRB hefur lagt til að þróa sambærilegt leigukerfi og í Danmörku. Danska almenna leigukerfið hefur það markmið að tryggja framboð af húsnæði fyrir fólk í mismunandi tekjuhópum á viðráðanlegu leiguverði. Kerfið býður líka lágtekjufólki möguleika á að setjast að á svæðum þar sem mikil eftirspurn er eftir húsnæði. Þannig er stuðlað að því að fjölbreyttir þjóðfélagshópar búi á sama svæðinu þannig að fólk með lægri tekjur einangrist ekki í ákveðnum hverfum.

Leigjandi í danska almenna leigukerfinu getur búið ævilangt í íbúðinni kjósi hann það. Einnig má húsaleigan í almenna leigukerfinu í Danmörku einungis fjármagna kostnað og viðhald leiguhúsnæðisins. Með því er reynt að tryggja að leiguverð sé sanngjarnt og leigjandanum er um leið veitt húsnæðisöryggi til framtíðar. Það er því mjög mikilvægt að reglur og lög varðandi leigufélög sem njóta opinbers stuðnings tryggi leigjendum húsnæðisöryggi til frambúðar. Eitt helsta einkenni íslenska leigumarkaðarins er að sjaldnast er leigt út til lengri tíma sem hefur í för með sér mikið óöryggi fyrir leigjendur og tíða búferlaflutninga. Tryggja verður húsnæðisöryggi til lengri tíma og einnig að íbúðir verði ekki seldar út úr leigufélögum um leið og markaðsverð þeirra hækkar eins og gerðist í góðærinu.

Jafna þarf stuðning vegna íbúðarhúsnæðis

Samráðshópur sem Velferðarráðuneytið skipaði í apríl 2011 hefur nú skilað af sér tillögum um móttun heildstæðrar húsnæðisstefnu til framtíðar. Meginmarkmið húsnæðisstefnunnar er að tryggja húsnæðisöryggi á Íslandi. Fulltrúi BSRB sat í hópnum og tillögum BSRB um að skapa þyrfti jafnræði á milli búsetukerfa, með því að þróa varanlegan almennan leigumarkað, var vel tekið og urðu hluti af lokatillögum hópsins. Til að jafnræði geti ríkt á milli búsetukerfa þarf húsnæðisstuðningur að vera sambærilegur. Ein af tillögum hópsins var að teknar verði upp samtíma húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta. Það er ein mikilvægasta forsendan fyrir jafnræði milli búsetuforma.

Á grundvelli samráðshóps um húsnæðisstefnu voru síðan skipaðir sex undirhópar til að vinna úr tillögunum. Vinnuhópur um endurskoðun húsaleigulaga, gerð húsnæðisáætlunar, húsnæðisbætur, rekstrar- og skattaumhverfi leigufélaga, upplýsingamál og framtíðarhlutverk íbúðarlánasjóðs. Fulltrúi BSRB var skipaður í vinnuhóp um húsnæðisbætur og á meðal hlutverka þess hóps er einmitt undirbúningur á upptöku húsnæðisbóta í

stað vaxta- og húsaleigubóta. Markmiðið með almennum húsnæðisbótum er fyrst og fremst að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma. Slíkar breytingar þurfa þó að gerast yfir lengri tíma til að yfirfærslan frá einu kerfi til annars lágmarki röskun á fjárhag heimilanna. Allir hóparnir eiga að skila sínum tillögum fyrir árslok 2012.

Mikið vantar af leiguhúsnæði

Nú hefur Vinnuhópur Reykjavíkurborgar um húsnæðisstefnu lagt til, í samræmi við stefnu samráðshóps Velferðarráðuneytisins, að nauðsynlegt sé að borgin stuðli að fjölbreyttara framboði íbúðarforms á höfuðborgarsvæðinu. Markmið hópsins um að 25% af öllu íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu verði leiguhúsnæði er skref í áttina að raunverulegum valmöguleika á húsnæðismarkaði. Hópurinn leggur þó einnig til að reka skuli félagslegt húsnæði samhliða því að þróa varanlegan leigumarkað. BSRB hefur efasemdir um slíkan samhliða rekstur og telur æskilegra að byggja upp yfir lengri tíma varanlegan almennan leigumarkað fyrir alla samfélagshópa þar sem stuðningur við tekjulægri hópa væri persónubundinn.

Eitthvað virðist vera að þokast í rétta átt í húsnæðismálum hjá hinu opinbera þótt lítið hafi þegar komið til framkvæmda. Margt sem myndi vera til mikilla bóta fyrir húsnæðismarkaðinn er aftur á móti til athugunar og kemur vonandi til framkvæmda hið fyrsta. Öruggt húsaskjól, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, er einn af hornsteinum almennrar velferðar og því verður að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum sem allra fyrst til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.



BSRB fagnaði 70 afmæli – 43. þing bandalagsins í haust

Þann 14. febrúar síðastliðinn voru 70 ár liðin frá formlegri stofnun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Upphaflegu stofnfélögin voru 14 og höfðu á að skipa rúmlega 1500 félagsmönnum en í dag eru félögin innan BSRB alls 27 og félagsmenn nærri 22 þúsund talsins. Margt hefur áunnist á þessum 70 árum og alla tíð hefur BSRB verið leiðandi í kjarabaráttu á Íslandi. Mörg þeirra réttinda sem í dag þykja sjálfssögð þurftu félagsmenn fyrri tíma að berjast fyrir yfir lengri tíma. Nú 70 árum eftir stofnun BSRB njóta landsmenn góðs af brautryðjendastarfi fyrri kynslóða en það er ekki þar með sagt að kjarabaráttunni sé lokið. Enn er

margt óunnið og BSRB hefur því áfram mikilvægu hlutverki að gegna á komandi árum.

Næstkomandi haust fer 43. þing BSRB fram en þingið fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins og er haldið á þriggja ára fresti. Þar munu 240 fulltrúar aðildarfélaga BSRB þinga á ráðstefnuhótelinu Hilton Reykjavík Nordica dagana 10.-12. október. Nánari upplýsingar um þingið verða sendar aðildarfélögum bandalagsins þegar nær dregur auk þess sem þær verða aðgengilegar á vef BSRB.

BSRB fagnaði 70 ára afmæli fyrr á árinu og sama dag kom stjórn bandalagsins til fundar. Boðið var upp á kökur í tilefni dagsins.

Elín Björg Jónsdóttir, núverandi formaður BSRB, heldur tölu fljótlega eftir að hún tók við starfi formanns árið 2009.



Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, er einn þeirra fjölmörgu sem komið hafa til fundar við fulltrúa BSRB á liðnum árum. Hér er hann ásamt Elínu Björgu, formanni BSRB.



Leikkonan Anna Svava Knútsdóttir heldur svokallaða örræðu þann 1. maí 2010.



Af síðasta þingi BSRB sem fór fram árið 2009



1. maí gangan í Reykjavík verður farin niður Laugavegin og mun enda með útifundi á Ingólfstorgi.



Af fundi forystumanna BSRB ásamt Steingrími J. Sigfússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur í forsætisráðuneytinu á síðasta ári.

Meningarhátíð í Munaðarnesi 26. maí kl. 14:00

Opnuð verður sýning á verkum listamannsins Ella í Þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi.

Sigríður Thorlacius söngkona flytur nokkur lög við undirleik Guðmundar Óskars Guðmundssonar.

Rannveig Thoroddsen líffræðingur fjallar um gróður og flóru í Munaðarnesi og nærliggjandi svæðum.


Við bjóðum kökur í Netbankanum



Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.



MENIGA

Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á mótí iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is



Bankastræti 7 · 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 · Fax: 510 6150
sereign@lsr.is · www.lsr.is